

Súðavíkurhreppur
b/t Jóhann Birkir Helgason
Grundarstræti 1-3
420 Súðavík

Reykjavík, 27. nóvember 2019
UST201910-286/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 2018-2030 - Heildarendurskoðun

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Súðavíkurhrepps er barst 28. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu á heildarendurskoðun á aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 2018 – 2030.

Sérstök vernd

Í greinargerð tillögunnar þar sem fjallað er um 61. gr laga nr 60/2013 um náttúruvernd segir: „*Í 61. gr. laganna um náttúruvernd er fjallað um sérstaka vernd vistkerfa og jarðminja sem forðast ber að raska eftir föngum.*“

Umhverfisstofnun telur ofangreint orðalag óljóst og bendir stofnunin á að skv. 3. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd forðast skuli röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á það fjallað sé um í tillögunni þau svæði sem falla undir sérstakavernd og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask svæðanna sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á svæðum sem falla undir sérstaka vernd þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd

auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Ákveði leyfisveitanda að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr., rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Leirur og vötn

Í greinargerð kemur fram að ekki er mikið um mýrar og flóa sem eru 3 ha eða stærri vegna framræslu og vegna þess að dalbotnar eru víðast hvar myndaðir af malarframburði frá jóklum og ám og gera má ráð fyrir að votlendi liggi oft að vötnum og tjörnum uppi á fjöllum. Umhverfisstofnun bendir á að hægt er að sé útbreiðslu votlendis sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga á kortasjá NÍ, <https://serstokvernd.ni.is/>

Umhverfisstofnun bendir á að frístundabyggðirnar F7-9 og verslunar- og þjónustusvæðið Vþ6 liggja að leirum og stöðuvötnum sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga. Því er mikilvægt að mati stofnunarinnar að framkvæmdir á ofangreindum svæðum uppfylli ákvæði laganna.

Birkiskógar

Í greinargerð kemur fram að ekki er vitað um vistfræðilega mikilvæga birkiskóga og leifar þeirra, s.s. gömul tré. Umhverfisstofnun bendir á að Skógræktin heldur utan um útbreiðslu á birkiskóum sem falla undir 61. gr. náttúruverndalaga og hægt er að sjá útbreiðslu þeirra á heimasíðu Skógræktarinnar www.skogur.is.

Í greinargerð kemur fram að hlífa skal birkiskóum við raski og tryggja að önnur landnýting, eins og frístundabyggð og skógrækt, skerði ekki óhóflega náttúrulega birkiskóga. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi að það komi fram í tillöggunni hvernig stefna sveitarfélagsins samræmis 61. gr. náttúruverndarlaga þar sem segir að forðast skal röskun birkiskóga, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Tillagan gerir ráð fyrir gerir ráð fyrir allt að 300 kW vatnsaflsvirkjun í Ögurbúðardalsá innst í Skötufirði og 100 kW vatnsaflsvirkjun í Hattardal í Álfafirði. Umhverfisstofnun telur að virkjunarframkvæmdir geti haft neikvæð áhrif á birkiskóga á skipulagssvæðinu. Í skipulagsákvæðum tillögunnar segir að lágmarka skal allt rask á umhverfi, sem Umhverfisstofnun telur jákvætt. Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að skipulagsákvæði séu í samræmi við ákvæði 61. gr. laga um náttúruvernd.

Í greinargerð kemur fram að samkvæmt lögum um skógrækt nr. 3/1955 má ekkert svæði rjóðurfella nema með samþykki skógræktarstjóra. Umhverfisstofnun bendir á að staðfest hafa verið ný skógræktarlög sem nefnast skógar og skógrækt og eru nr. 33/2019.

Fossar

Í greinargerð kemur fram að aðeins einn foss, Selfoss í Laugardal, er tilgreindur innan sveitarfélagsins í korti NÍ yfir sérstaka vernd vistkerfa og jarðminja. Umhverfisstofnun bendir á að það eru fjölmargir fossar innan sveitarfélagsins sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga samkvæmt korti NÍ, <https://serstokvernd.ni.is/>.

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að skógrækt og aðrar framkvæmdir hafi ekki áhrif á ásýnd fossa. Fossar falla undir b. lið 2. mgr. í 61. gr laga nr. 60/2013 um náttúruvernd en þar segir vernda skuli fossa og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki.

Tillögur NÍ að svæðum á framkvæmdaráætlun

Í greinargerð kemur fram að þrjú svæði í Súðavíkurhreppi hafa verið tilnefnd til friðunar og sett á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúrumuinjaskrár.

Umhverfisstofnun bendir á að NÍ hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúrumuinjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. Umhverfisstofnun vill benda að innan sveitarfélagsins er svæði á tillögu NÍ að framkvæmdaráætlun (B-hluta) sem kallast Hvalfjörður (<https://www.ni.is/greinar/sv-hvalfjordur>).

NÍ hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúrumuinjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja.

Tillögurnar hafa ekki hlutið þá málsmæðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin og aðra hagmunaaðila, en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áðurnefnda aðila.

Umhverfistofnun telur að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreind svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að tryggja að verndargildi svæðisins rými ekki. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B- hluti) náttúrumuinjaskrár verður samþykkt af alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.

Skógrækt

Í greinargerð kemur fram að skógrækt er heimil á landbúnaðarsvæðum og öll áform um skógrækt er háð framkvæmdarleyfi sveitarstjórnar. Umhverfisstofnun telur jákvætt að sett hefur verið fram í viðauka 2 leiðbeiningarskjal sem nefnist „greining á áhrifum skógræktar“ sem er svo nýtt við ákvarðanatöku um skógrækt, þar sem að skógrækt getur haft m.a. neikvæð áhrif á vistgerðir sem hafa hátt verndargildi skv. alþjóðasamningum t.d. (Bernarsamningurinn) og búsvæði fugla sem eru á válista og eru ábyrgðartegundir Íslands.

Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir skógrækt í Heydal (SL2) á 35 ha svæði og einnig kemur fram að svæðið er á náttúruminjaskrá og taka skal fullt tillit til þess (tafla 5.1)

Umhverfisstofnum bendir á að svæðið sem tillagan nær til nefnist botn Ísafjarðar og er númer 320 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst sem svæði með sérstöku gróðurfari.

Að mati Umhverfisstofnunar getur skógrækt haft áhrif á ásýnd svæðisins og haft neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja.

Vatnamál og virkjanir

Tillagan gerir ráð fyrir gerir ráð fyrir allt að 300 kW vatnsaflsvirkjun í Ögurbúðardalsá innst í Skötufirði og 100 kW vatnsaflsvirkjun í Hattardal í Álftafirði og nú þegar er Sængurfossvirkjun starfandi. Auk þess er fjallað hugmyndir um virkjanir á hálandinu og í Hvanneyrardal.

Í greinargerð kemur einnig fram að landeigendum er heimilt að virkja bæjarlækinn með smávirkjun þar sem gert er ráð fyrir byggð á landbúnaðarsvæðum. Aðalskipulagið heimilar allt að 30 kW virkjanir með minni háttar uppistöðulóni eða allt að 200 kW rennslisvirkjanir.

Umhverfisstofnun bendir á að nú er unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Eins og kemur fram í greinargerð tillögunnar taka lögin til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósavatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Áætlað er að vatnaáætlun fyrir Ísland fari í almenna kynningu árið 2021 og taki gildi árið 2022. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð 535/2011 um flokkun vatnshlotu, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Samkvæmt markmiðum laganna og reglugerðarinnar skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Unnið er að því að skilgreina gæðaþætti og koma á kerfi til að meta ástand vatnshlotu. Í vatnaáætlun munu verða sett umhverfismarkmið fyrir vatnshlotin sem miða að því að halda vatnsgæðum góðum.

Umhverfisstofnun bendir á að virkjanaframkvæmdir hafa áhrif á vatnsformfræðilega þætti þeirra áa sem eru virkjaðar.

Fráveita

Í greinargerð kemur fram að engin hreinsun á sér stað áður en skólp frá þéttbýli Súðavíkur rennur til sjávar og straumlíkan hefur ekki verið gert fyrir Álftafjörð og því liggur ekki fyrir hvernig niðurbrotið á sér stað. Auk þess kemur fram að markmið tillögunnar er m.a. að mengun vegna skólps við strendur sveitarfélagsins verði í algjöru lágmarki.

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999. Í 1. mgr. 24. gr. reglugerðarinnar segir að skylt sé að koma á viðunandi hreinsun skólps, sbr. skilgreiningu í 14. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar. Þar segir að viðunandi hreinsun sé hreinsun skólps með viðurkenndum hreinsibúnaði í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar svo að gæðamarkmiðum fyrir viðtaka sé náð, sbr. I.- V. viðauka.

Í fylgiskjali 1A í reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999 segir að við útrásir þar sem fráveituvatn er leitt í viðtaka sem ekki njóta sérstakrar verndar má m.a. hvergi vera, set eða útfellingar, sorp eða aðrir aðskotahlutir og efni sem veldur óþægilegt lykt, lit eða gruggi.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram hver stefna sveitarfélagsins sé varðandi endurbætur á fráveitumálum og hver tímarammi þeirra endurbóta sé.

Vegir í náttúru Íslands

Í greinargerð á mynd 15.3 er sett fram kort sem hefur verið unni skv. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands.

Í greinargerð er fjallað um ýmsa slóða og vinnuvegi m.a. í tengslum við virkjunarframkvæmdir í Hattardal og Ögurbúðardalsá. Sýndur er vegur á kortinu í tengslum við rannsóknarvinnu í Hvannneyrardal sem fylgir núverndi slóða. En einnig er gert ráð fyrir nýjum vegum m.a. inn á Torfadalmúla.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu sveitarfélög við gerð aðalskipulags gera tillögu að skrá á stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil.

Auk þess bendir stofnunin á að vinnuvegum, eins og þeim er lýst í greinargerð m.a. inn á Torfadalmúla, er ekki gott að fjarlægja og því getur vegagerðin haft neikvæð umhverfisáhrif og verið óafturkræf.

Reykjanes

Í greinargerð er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu á ferðaþjónustukjarna á Reykjanesi við Gamla herðsskólann og gert ráð fyrir athafnastarfsemi þar er einkum horft til vistvænnar starfsemi sem notar jarðhita svo sem saltframleiðslu, gróðurhúsaræktun eða annan léttan iðnað. Sérstaklega skal huga að náttúruverndargildi og menningarminjum við nánari utfærslu í deiliskipulagi.

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið er númer 312 sem aðrar náttúrumínjar og er svæðinu lýst sem Eitt mesta hverasvæði á Vestfjörðum með sérkennilegar sjávarrofsmyndanir, sérstætt gróðurfar og fjölskrúðugt fuglalíf. Auk þess er svæðið á tillögu að B-hluta náttúrumínjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að uppbygging á svæðinu hafi ekki neikvæð umhverfisáhrif í för með sér og verndargildi svæðisins rýrni ekki.

Kalkþörungaverksmiðja

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir Kalkþörungaverksmiðju á 3,8 ha. landfyllingu við Langeyri. Áætlað er að kalkþörungaverksmiðjan vinni 120.000 m³ af kalkþörungaseti úr Ísafjarðardjúpi á ári.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi verkefnið dags. 21. ágúst sl.

Efnistaka

Í greinargerð kemur fram að leyfi þarf frá embætti veiðimálastjóra fyrir efnistöku sem getur haft áhrif á lífriki í ám og vötnum og Umhverfisstofnun hefur eftirlit með efnistöku á landi. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin hefur ekki lengur eftirlit með efnistöku á landi og þessi breyting átti sér stað við gildistöku nýrra náttúruverndarlagar nr. 60/2013. Eftirlit er í dag í höndum sveitarfélaganna.

Í greinargerð segir að landeiganda er heimilt að taka efni til eigin nota án þess að fá framkvæmdaleyfi eða að náma sé skilgreind í aðalskipulagi. Landeigandi hefur þó ekki leyfi til að taka efni sem er á verndarsvæðum. Í 13. gr. skipulagslaga 123/2010 um framkvæmdaleyfi segir: „*Þó er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði eða jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.*“

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að skilgreina hvað átt er með orðalaginu, til eigin nota, hver skilningur sveitarstjórnar sé með orðalaginu minniháttar efnistaka og hvernig sú efnistaka sé flokkuð og hvernig sveitarfélagið hyggst framfylgja stefnunni, þá sérstaklega varðandi efnistöku á verndarsvæðum.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur